



Forsætisnefnd

Efni: Kostnaður vegna starfsaðstöðu borgarfulltrúa

Vísað er til fyrirspurnar forseta borgarstjórnar, dags. 11. október sl., um umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um kostnað vegna starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hver er mánaðarlegur húsnæðiskostnaður vegna starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa. Átt er við kostnað vegna húsnæðis á Tjarnargötu sem skrifstofuaðstöðu í Ráðhúsinu vegna þeirra kjörinna fulltrúa, annarra en borgarstjóra, sem þar hafa aðstöðu.“

Í bókhaldi Reykjavíkurborgar er rekstur á Tjarnargötu 12 og Tjarnargötu 11 á sama kostnaðarstað. Ekki er hægt að taka út upplýsingar fyrir sitt hvorn staðin vegna þess að þessi hús eru ein rekstrareining. Einnig er hluti af innri leigunni færður á sameiginlegan kostnað. Rekstrarkostnaður fyrir T12 og T11 er áætlaður 506 m.kr. á árinu 2019. Þar af innri leiga 406 m.kr. Fermetrafljöldinn er 11.126 m² fyrir bæði hús og má því segja að rekstrarkostnaður pr. ár á fermeter sé 45.522 kr. Taflan hér að neðan sýnir hvernig rekstrarkostnaður er fundinn vegna starfsaðstöðu borgarfulltrúa 2019.

	Borgarfulltrúar		M2		Kr. pr. M2	Krónur Samtals
18	Tjarnargata 12		579		45.522	26.357.225
4	Tjarnargata 11		129		45.522	5.857.161
22			708			32.214.386

Halldóra Káradóttir
Sviðsstjóri